



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 21 — SEPT. '81



Útgefandi **ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamenndu, pósthlóf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon,
s. 74558

Gjaldkeri: Halldór Guðmundsson,
s. 86090

Ritari: Magnús Guðmundsson,
s. 30214

Varaformaður: Torfi Hjaltason,
s. 24726

Meðstjórn: Einar Steingrímsson,
s. 16346

Ferðaneftnd: Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason
Pétur Ásbjörnsson,
s. 41428

Húsnefnd: Vilborg Hannesdóttir
Róbært Tómasson,
s. 36588

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður: Magnús Guðmundsson
Aðrir í ritnefnd: Sighvatur Blöndahl,

s. 32789, v. 10100

Snaevarr Guðmundsson,
s. 85070

Guðlaug Halldórsdóttir,
s. 75190/74749

Olgeir Sigmarsson,
s. 26793

Fraðslunefnd:

Torfi Hjaltason
Helgi Benediktsson
Einar Hrafnkell Haraldsson

Ragnar Jóhannsson,
s. 84263
Pórunn Bjarnadóttir,
s. 73525

Efni í blaðinu

Frá stjórninni	3
Félagsstarfið	4
Tröllaskagi	6
Leiðarvísir ÍSALP: Nr. 15: Valshamar í Eilífsdal	8
Fréttapistill	11
Með SA-Vatnajökul fyrir fótum	14
Fiescherwand	15
Fjallaannáll, 5. grein	18
Hefur þú áhuga á að komast til Grænlands?	24
Skálinn	28
Ferðir og fundir ÍSALP	30

Forsíðumyndin:

Klifur í Rustanöf hjá Vestrahorni.
Ljósm. Snaevarr Guðmundsson. Ág. '81.

Setning: Prentstofan Blik

Offsetvinna: Repró

Prentun: Formprint

Frá stjórninni

Náttúra Íslands er ein af auðlindum landsins. Hún á hvergi sína líka á jörðinni og það vita allir Íslendingar sem þekkja hana af eigin raun. Þessi náttúra er afar viðkvæm fyrir átroðningi, það sjá allir sem komið hafa á hálendi landsins. Eitt svíð þessarar stórkostlegu náttúru sem við eignum eru háfjöllin og jöklarnir, aðaláhugasvæði klúbbsins. Til þess sækja klúbbfélagnir.

Það er ljóst af umræðum að undansförnu og úr fjölmöldum að margir erlendir ferðamenn koma árlega til landsins. Peir koma margir til að ferðast um hálendið og er því ekki alltaf skilað eins og komið var að því. Er þessi straumur fólks sem er nú þegar orðinn of stór, að álti margra aðeins byrjunin á stærri flóðoldu? Ef svo er þá gæti farið svo að landinn kæmist ekki um sitt eigið land án þess að standa í biðröðum, tjalda á troðfullum tjaldstæðum o. s. frv. eða beinlinis flýja það!

Eins og er, eru ennþá til svæði sem við getum rölt um án þess að rekast á annað fólk, troðnar slöðir eða merki um mannaferðir yfirleitt, við, sem stundum fjallamenndu, og viljum halda óbreyttu ástandi verðum að vera á varðbergi fyrir því að erlendir ferðamenn leggi ekki undir sig síðustu og tærstu perluna í íslenskri náttúru, háfjöllin og jöklana. Ef erlendir ferðamenn hafa áhuga á að koma hingað á fjöllin okkar er það gott og gilt, en við eignum ekki að halda uppi stefnulausri landkynningu svo að við getum ekki notið þess að vera frjáls í okkar eigin landi.

Eitt sumar enn er horfið frá okkur og

framundan er nýr vetur. Þegar litið er yfir árangur þessa sumars sést að félagsmenn hafa fengið áorkað mörgu í fjöllunum. Vonandi verður þessi áhugi áfram í vetur því að mörg verkefni eru framundan. Í haust er stefnt að því að smiða þennan marg umtalaða skála hér í bænum og flytja hann síðan eftir áramót upp í Botnssúlur. Smiðin mun hefjast 3. október og eru allir sem hafa áhuga á að vera með í smiðinni hvattir til þátttöku, því að án þín getur þessi skáli ekki orðið að veruleika. Rétt er að fylgjast með gangi málsins á opnu húsunum á miðvikudögum.

Ein breyting verður á starfsemi klúbbsins í vetur. Boðið verður upp á vandaðar myndasýningar í Auditorium sal Hótel Loftleiða einu sinni í mánuði. Tilgangur með þessum myndasýningum er fyrst og fremst sá að lífga upp á félagsstarfsemina yfir háveturinn svo og að geta boðið innlendum og erlendum gestum klúbbsins til að sýna hjá okkur. Dagskráin verður nánar auglýst í félagsmála dálki Morgunblaðsins fyrir hverja sýningu en tímasetning þeirra verður að öðru jöfnu annan miðvikudag í hverjum mánuði. (Sjá nánar aftast í blaðinu). Aðgangseyrir verður á hverja sýningu, sem samsvarar einum bíomiða. Þessir peningar verða notaðir til að greiða leigu á salnum en allur afgangur verður settur í sjóð til að geta boðið þekktum erlendum fjallajósmyndurum svo sem Doug Scott, Peter Boardman, eða John Cleare til að sýna hjá okkur.

Guðjón Ó. Magnússon

Félagsstarfið

Bergklifurnámskeið

Námskeið í bergklifri var haldið helgina 12.–14. júní sl. Á föstudagskvöldi var hin frædilega hlið klifursins tekin fyrir en að morgni laugardags var haldið í Öskjuhlíð og æft klifur og tryggingar fram eftir degi. Morganinn eftir var farið að Príhnúkum í Bláfjöllum og var ætlunin að fara niður í gíginn en hann er um 100 m djúpur. En vegna mikils roks og mjög mikillar rigningar fór aðeins Pétur niður. Tók það um two tímá, þ. e. að síga niður og „prússikka“ sig upp. Síðan var haldið að fossum, norðvestan við Breiðholt, og var klifrað þar í góðu veðri fram á kvöld.

Leiðbeinandi var Pétur Ásbjörnsson og þáttakendur: Grétar S. Ingvarsson, Guðmundur Guðbjörnsson og Eiríkur Bragason.

Þáttakendur voru sammál um, að námskeið þetta hefði verið fámennt en mjög góðmennt og hefði tekist hið besta.

E. B.

Eyjafjalla — Mýrdalsjökull

Komið var að Skógum um tíueytíð á föstudagskvöldið. Þaðan var ferðinni heitið á Fimmvörðuháls. Uppgangan var blaut og þreytandi, en þó ánægjuleg. Í skálann var svo komið um hálfþrjúleytið.

Á laugardeginum vöknudum við við sama

veður og um kvöldið, þoku og norðan súld. Við héldum þó samt af stað og eftir þriggja tíma gang í niðaþoku, var ákveðið að áfangastað væri náð. Settumst við þar niður og snæddum. Á niðurleið létti til í nokkrar mínútur og blasti þá við fögur jöklasýn.

Um kvöldið var mikill gestagangur, bæði áttavilts útvistarfólk og garpar úr HSSR.

Veðrið hélst slæmt á sunnudeginum, og var því snemma hugað til heimferðar.

Þáttakendur voru 4 og fararstjóri Hall-dór Guðmundsson.

Kerlingarfjallaferð

Lagt var upp frá Grensásvegi á bílaleigubíl klukkan 8 þann 10. júlí og ekið sem leið lá upp í Kerlingarfjöll. Er þangað kom tóku menn á sig náðir. Þegar upp var staðið um morganinn voru menn all hressir og var ákveðið að ganga á hæstu fjöllin í ná-grenninu.

Fyrst var gengið á Loðmund í samfloti við nokkra menn úr Hjálparsveit skáta í Reykjavík. Par tókum við upp nesti og skyggndumst um. Síðan var gengið á Snót og Snækoll en þaðan renndi hluti af hópnum sér niður á skíðum á meðan þeir sem eftir voru gengu á Fannborg en því næst niður í tjöld. Tveir fóru á Kerlingu 30 m. háan klettadrang og tók klifrið um 1 klst. Veður var sæmilegt, þurrt og skyggní gott en sólar-laust. Þáttakendur voru 8. Fararstjóri var Róbert Lee Tómasson.

Ragnar Jóhannsson



Á Hvannadalshrygg. Svínafellsjökull í baksýn.
Ljósmynd. Jón Geirsson ág. 1981.

Ferð á Öræfajökul

Farið var með rútu FÍ í Skaftafell að kvöldi föstudagsins 31. júlí þar sem tjöld voru reist. Gengu menn fljótlega til náða, þar sem veð-urhorfur voru góðar og ætlunin að fara á Hvannadalshjúk dagin eftir. Um 7.00 voru menn ræstir og farið var að taka til nestið. Upp úr 8.00 var svo lagt af stað. Veðrið var mjög gott glampandi sól og hvergi sást ský á himni. Gengum við sem leið lá fyrst upp með og síðan uppá sporð Virkisjökuls. Þaðan lá leiðin upp með Hvannadalshrygg að austan. Farið var upp nokkuð langa fonn er þar var, en í 1600m hæð var farið yfir

hrygginn. Gengum við nú upp með honum að vestan. Þar var jökullinn tölvert sprunginn, héldum við áfram undir Dyrhamar. Næst varð fyrir okkur allbrött ca. 70m löng snjóbrekka upp hana var prílað (1. gráð snjóklifur). Nú blasti Hvannadalshnjúkur við á vinstri hönd. Eftir ca. 1 klst. var tindi Hvannadalshnjúks náð eftir rúmlega 9 tímá ferð. Nú tóku menn að innbyrða svoltíð af næringu og virða fyrir sér hið stórkostlega útsýni. Því næst var haldið af stað niður eftir Sandfallsleið. Í Skaftafell komum við svo á 11 tímum. Sunnudeginum eyddu sumir til hvíldar en nokkir fóru í sporð Skaftafells-jökul og tóku þar nokkrar léttar ísklifurs-æfingar. Áleiðis í bæinn var svo haldið að morgni mánuðagsins 3. ágúst. Þáttakendur voru 7. Fararstjóri Jón Geirsson.

Jón Geirsson

Tröllaskagi

Eitt svæði hér á landi hefur orðið algjörlega útundan meðal félagsmanna sunnanlands. Það er Tröllaskaginn milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Að vísu hafa nokkrir félagar gert garðinn frægan síðustu árin og klifið Hraundrangann, en að honum undanskildum hefur lítið verið farið um svæðið. Eitt er þó víst: Ef menn eru í vandraðum með hvar þeir eiga að eyða frínu sínu þá eru fáir staðir sem bjóða upp á jafn breytilega möguleika til fjallamennsku og Tröllaskaginn.

Pví fengum við að kynnast af eigin raun í sumar, Pór Ægisson og ég. Við vorum sam-

mála um að hér væri einn hrikalegasti fjallgaður á landinu og gæfi Ölpunum ekkert eftir. Hvassir og brattir tindar skipta ekki tugum heldur hundruðum eða jafnvel þúsundum og margir þeirra hafa líklega aldrei verið fótum troðnir eða heyrt mannamál.

Það sem vakti mesta athygli okkar var að þarna eru ótal möguleikar fyrir fjallmanninn. Haegt er að ferðast þar um á fjalla-eda gönguskiðum langt frameftir vori. Við vorum þar í lok júní og fórum hring um Vindheimajökul á fjallaskiðum og gengum á Bungu, Strýtu og Kistu sem eru fjallatoppar



Lambi, skáli Ferðafélags Akureyrar. Tröllafjall í baksýn. Tröllin sjást eftir til hægri.



Á Vindheimajökli. Strýta minnir óneitanlega þekkt fjall í Ölpunum.

á jöklinum í um 1400 m. hæð. Einnig fórum við hringferð um Barkárdals-, Tungnahryggs- og Skíðadalsjökul. Allt var þetta létt viðureignar. Síðari leiðin er reyndar með þeim afskekktari á skaganum og eru tindar þar mjög sjaldan klifnir. bónindinn á Púfnavöllum í Hörgárdalnum sagði okkur að hann vissi ekki til að gengið hefði verið á Eiríks- og Péturshnjúka sem við fórum upp á leið okkar um svæðið. Ekki þarf það að vera rétt að við hefðum verið fyrstir upp á þessa tinda því að fréttir um ferði á svæðið eru fáar og margir láta ekki vita af sér.

Pegar talað er um Tröllaskagann má ekki gleyma hæsta fjalli svæðisins, Kerlingunni. Að sjálfssögðu lá leið okkar upp á hana. Gengum við fyrst inn Glerárdalinn, í Lambaskála sem Ferðafélag Akureyrar á

undir kerlingunni. Skálinn er óneitanlega skemmtilega staðsettur og fáir dalir geta státað af öðrum eins fjallahring og Glerárdalur er. Þaðan er létt rölt upp á Lambárdalsöxl þar sem hinn glasilegi norðurveggur Kerlingarinnar blasir við. Hún var fyrst klifinn fyrir nokkrum árum af

Paðan er ágætt að halda áfram upp öxlina upp á hásléttu fjallsins. Enginn verður svikinn af þeiri göngu og mæli ég eindregið með henni. Nú er ekki öðru við að bæta en að hvetja aðra sunnlendinga til að feta í fótspor okkar og fara norður því að þar biða mörg freistandi verkefni fyrir íslenska fjallamenn, vetur sem sumar.

Guðjón Ó. Magnússon

Leiðarvísir ÍSALP

NR. 15: VALSHAMAR Í EILÍFSDAL

Norðanmegin í Esju er stór dalur sem heitir Eilífsdalur. Ekki er ætlunin að lýsa leiðum í sjálfum dalnum, það mun verða gert síðar, heldur í klettastapa nokkrum sem er eins og útvörður dalsins í vesturhlíðum Skálatinds og heitir Valshamar. Afar auðvelt er að komast að hamrinum, en hann blasir við er komið er í dalinn. Hægt er að aka inn í dalinn á tveimur stöðum, annars vegar af Vesturlandsvegi inn í Miðdal og í gegnum hann inn í Eilífsdal en hins vegar ekinn Eilífsdalsafleggjari af Vesturlandsvegi. Fyrnefndu leiðin er mun styttri. Þá er ekið austur inn á sumarbústaðasvæði og upp brekku en því næst í norður að enda vegarins.

Gæta skal að trufla ekki, eða fara inn á lönd sumarbústaðaeigenda, heldur ganga vel frá bílnum þar sem hann er ekki fyrir. Þaðan er u. þ. b. 5 mín. gangur í norður að hamrinum.

Hamarinn er úr stórum stuðlum svipað og er í Stardal og er hæðin á bilinu 15–20 m. Mikill gróður er í sprungum og ber að skemma hann sem minnst, en hingað til hefur verið komist hjá því. Helstu tryggingar eru hnetur en óæskilegt að nota fleyga.

Pegar hafa verið farnar fjórar leiðir í Hamrinum misjafnlega erfíðar.

Framtíðarmöguleikar í hamrinum eru ekki miklir, það er að segja miklu fleiri leiðir verða ekki farnar því að kletturinn er ekki ykja mikill.

En það er vel þess virði að fara þangað og spreyta sig við leiðir sem flestar eru við hafi særilegra klifrara.

Leið nr. 1

Hæð 20 m

Gráða 5.4


Klifrað upp horn með stórum hand- og fótfestum u. þ. b. m, að litlu þaki. Þar er gott að koma fyrir hnetu í sprungu á hægri hönd. Notið sömu sprungu fyrir handfestu (handjam) og klifrið upp fyrir þakið um 2 m upp á syllu (5.4). Síðan upp auðvelda kletta á vinstri hönd inn í horn með víðri sprungu. Upp hana og upp fyrir brún. Góðar megintryggingar eru þar fyrir ofan og á það reyndar við um allar leiðirnar.

Leið nr. 2


Hæð 20 m

Gráða 5.7

Erfiðasta leiðin á svæðinu og ekki við hafi byrjenda. Verður erfíðari er ofar dregur og endar í slútandi vegg. Klifrað upp með sprungu vinstra megin uns veggurinn hangir aðeins yfir sig og sett þar inn trygging. Farið yfir í hægri sprungu á sléttum vegg, mest megnis á viðnámi. Upp með sprungunni um 6–8 m og þá skásneytt til vinstri upp á bratta syllu og skoru. Nú eru um 2–3 m eftir en það er jafnframt erfíðasti hluti leiðarinnar. Klifrað upp slútandi vegg með „handjam“ tækni og upp fyrir brún (5.7)



Valshamar, Eilífsdal.



Klifur í Valshamri, Eilífsdal. Leið nr. 3.

Leið nr. 3

Hæð 20 m

Gráða 5.3

Klifrað upp víðar sprungur um 2 m upp á góða syllu. Þar er ágætt að setja inn millityggingu. Skásneytt yfir sléttan vegg inn í örlið horn til hægri (5.3). Nokkrar hreyfingar upp það uns það endar og þá upp á góðum handfestum upp í skoru til hægri. Upp með henni upp fyrir brún.

Pessi leið er ágæt sem upphitunarleið er komið er á svæðið.

Leið nr. 4

Hæð 17–20 m

Gráða 5.5

Klifrað upp horn, með svökallaðri „Lay-back“ tækni, mestmegnis á viðnámsfótfestum (5.5) um 5–6 m. Þá er klifrað út á syllu á vinstri hönd og síðan klifrað upp um 3 m beint að sprungu sem víkkar er ofar dregur. Þaðan er um tvær leiðir að velja. Annað hvort að fara upp sprunguna og síðan til vinstri upp á brún, eða fara sléttan vegg hægra megin við sprunguna og síðan upp fyrir brún. Pessi veggur hefur eina tæpa hreyfingu líklega 5.6.

Snævarr Guðmundsson

Fréttapistill


Um hvítasunnu fóru þeir Guðjón Ó. Magnússon, Magnús Guðmundsson, Jón Ólafsson og Ari T. Guðmundsson á Goðahnúka í suðaustanvrónum Vatnajökli, í skála Jökla-rannsóknarfélagsins. Þeir gengu úr Höfellsdal, um Vesturdal og utan í Vestanverðum Goðahrygg, aðallega á skíðum. Þeir félagar hrepptu leiðindaveður og hrímpóku á uppleið og biðu árangurslaust í skálanum eftir betra veðri í two daga. Gangan upp tók 12 klst.

Á niðurleið komust þeir í ágætu veðri á Grasgiljatind (1276m) og Magnús og Ari gengu á Birnudalstind (1326m) síðar í ferðinni (sjá frásögn). Var það 8 klst. ferð.

Einar Steingrímsson, Torfi Hjaltason og Bill Gregory fóru til Noregs í júlí. Björn Vilhjálmsson, sem nú býr í Kaupmannahöfn,



Grasgiljatindur (1275 m). Ljós. G. Ó. M., júní 1981.



Erfitt klifur í Nora Fjell, Noregi.
Ljósm. Torfi Hjaltason. Júlí '81.

var einnig með í för. Dvöldust þeir á Romsdalssvæðinu allan tímum u. þ. b. þrjár vikur. Voru klifraðar ýmsar leiðir af ýmsum erfiðleikum, allt hreinar klettaleiðir. Hæstu leiðirnar voru 450–600 metra háar og erfiðustu spannir sjötta gráða. Veður var slæmt utan þriggja, fjögurra sólardaga. Svæðið býður upp á ógrynni leiða, en flestar smærri leiðirnar þykja nokkuð grónar og lausar jafnvel. Einnig torveldar skógur og alls kyns gróðurdrasл göngu að leiðunum og niðurför. En hæstu og lengstu leiðir, 1000–1800 metrar, eru frekar meira heillandi. Þá er gott veður líka nauðsynlegt í nokkra daga samfellt, til þess að þær séu í ástandi til klifurs, þurrar og þess háttar. Svo ekki sé minnst á stökkid að fara ur 30–40 metra háum klettum í eins og hálfs km. langt klifur.

Hraundangi var sigraður í fimmta skipti í enda júlí af þremur félögum ÍSALP, Birgi Jóhannessyni og Ævari og Örvari Aðalsteinssonum. Farið var upp frá Hörgárdal og gengið sem leið lá að Hraundranganaum. Eftir einnar og hálfrar klukkustundar göngu var komið í lítið skarð sem er fyrir neðan Hraundrangann, en þar hefst hið eiginlega klifur sem er um 80 metrar. Klifrið tók þá um 3 klukkustundir.

Að þeirra mati var klifrið III. gráða, en bergið í Dranganum er ákaflega laust og lítið um tryggingar. Auk þess er þar mikil lofthæð. Veður var ákaflega gott, skafheiður himinn og logn.

Pann 21. ágúst síðastliðinn var hinn 300 metra hái vestuveggur Vestrahorns klifinn af þeim Jóni Geirssyni og Snævari Guðmundssyni. Það tók þá félaga um tvær og hálfa klukkustund að klífa leiðina sem er 450 metra löng. Að þeirra sögn er bergið með því besta sem þeir hafa kynnt og stórkostlegt til klifurs. Að þeirra mati var leiðin af IV. gráðu en erfiðast (crux) 5,6 (V/V+). Fyrstu 80–100 metrarnir voru erfiðastir.

Í sömu ferð var reyndar líka gerð tilraun til að fara á óklifinn tind en hún mistókst.

Pumall hlaut sína fimmtu heimsókn þann 30. ágúst síðastliðinn. Þar áttu í hlut þau Björn Gíslason, Róbært Lee Tómasson og Vilborg Hannesdóttir. Mun þetta vera í fyrsta skipti sem kvenmaður fer á Pumal. Lagt var af stað úr Skaftafelli kl. 5.30 á laugardag og gengið inn í Mosárdal, en lagst var til svefns í botni dalsins. Kl. 6.00 næsta



Í vesturvegg Vestrahorns. Ljósm. Snævarr Guðmundsson. Ág. '81.

morgun var leiðindarveður er tjaldbúar vöknudu en um 9.30 leytið var komið glaðasólskin og var þá lagt af stað. Rolt var í rólegheitum upp að Pumli en þangað var komið um kl 14.00. Lagt var í klifrið um kl. 15.00 og voru þau 50 mín upp á topp, en þau sólóuðu. Dvalið var í þó nokkurn tíma á tindinum en síðan stigið niður síðasta hlutann síðan var gengið niður í Mosárdi, fengið sér smávegis í svanginn og gengið síðan niður í Skaftafell um kvöldið. Mun þetta vera í annað skipti sem Pumall er sólóaður.

Að lokum má geta þess að tilraun var gerð til að fara á Pumalinn helgina áður en hætta þurfti við vegna veðurs. Þar áttu í hlut þeir Ragnar Jóhannesson og Daniel Helgason.

Pann 5. september síðastliðinn var NV veggur Skessuhorns sigraður í annað skipti af þeim Jóni Geirssyni og Snævarri Guðmundssyni. Voru þeir félagar 2 1/2 klst. að klifa vegginn. ákaflega kalt var í veðri en annars ágætis veður. Peir félagar fóru sömu leið og eir fóru í fyrra, eða klettarisíð í miðjum veggnum.

Með SA-Vatnajökul fyrir fótum

Það er ekki ónýtt að sjá rakleiðis yfir suðurjáðar Vatnajöklus, frá Öræfajökli til Grasgiljatinds við Hoffellsdal í einni sjónhendingu. Esjufjöll eru ekki ósvipuð eyjum í hvítu hafi og Þverártindsegginn með hrunjökulum stingur sér öðru hvoru upp úr þunnunum uppstreymisskýjum. Norðar er Snæfell (hið syðra) með hvössu horni á kollinum og það glampar á kúptan jökulskalla neðan við hornið. Parna bíður greinilega skemmtilegt verkefni. Framan við tærnar er flugbratt niður í dimman Kálfafellsdalinn sem liggur í sveig inn í fjallklasann. Reyndar skerst dalhvilft upp úr Kálfafellsdalinn að jöklinum til hægri, hálfalin í skugganum, og heitir víst Kaldárgil. Það vekur enga athygli. Manni er aftur á móti starsýnt á fjallsranann sem markar Kaldárgilið móti Kálfafellsdalnum. Raninn er afar skörðottur og ber nálarlaga tind lang hæst. Hann er líkur Hraundranga í Öxnal og liklega skrambi erfiður viðfangs. Mót norðri og austri er þverbratt niður jökulfannir til upptaka Heinabers- og Skálafellsjöklus, en skörðóttar eggjar liggja yfir Kaldárnúpur í norðvestur og Miðfell til saudasturs. Að baki eru spor okkar sem saumur í snjófönnunum niður að Birnudal.

Par sem við sitjun tveir undir vörðubroti á Birnudalstindi (1326m) í síðdegissólbaði, Magnús Guðmundsson og höfundur, eru við ánaegðir með gönguna á þennan sjaldstigna tind. „Heldur að það sé, maður . . .“, „vá“, „þetta er alveg makalaust“ og annað þessu líkt heyrðist meðan við svipuðumst um.

Við lögðum upp 8. júní, frá túnfæti Brunnárbaðar í Suðursveit, gengum inn Staðardal og upp í Birnudal í átt að bröttum múla innst í dalnum. Birnudalur skerst

vestur úr Staðardal, mjög snotur en þróngur undir hömrum fjallshryggjar sem tengir saman Staðarfjöllin og Birnudalstind. Við horfum mikil á nafnlausum og brattan tind á hryggnum sem líkist Skarðatindi, en er mun lægri þó. Birnudalsáin er ekki merkt á kortið. Í henni eru margir fossar, þar á meðal þrír ofarlega sem eru spegilmynd hver af öðrum og bláir hyljur undir. Viða er árfarvegurinn grafinn djúpt í gljúfrum. „Með fallegri ám“, segir Magnús.

Upp málann, um skriður og tór liggur leið okkar inn á hrygg er stefnir á fannir í kinnum Birnudalstinds. Ekki höfum við þörf fyrir ísaxir, aðra járnavöru og línum í bakpokum, heldur skiptumst að troða mjúka snjóinn í átt að hvelfdum kolli tindsins þar sem klettabréki myndar háeggina eins og skutur á skipi. Eftir um 5 klst. göngu stöndum við þarna uppi. Þá er orðið ljóst að Birnudalstindur er ekki 1406 m kollurinn sem merktur er á svo mörgum kortum með því nafni. Birnudalstindur er öllu lægri. Hann er aftur innar og nær jöklinum, líkastur höfða með jökulskalla. „Kaldárnúpur“, úrskurðar Magnús, en ég segi ekkert.

Leiðin hefur verið léttgengin og er hverju göngufærum manni ágætt verkefni. Reyndar mætti fara skemmtilega snjó- og ísleið á tindinn úr Kálfafellsdal og Kaldárgili, upp klettabréki og litla hvilftarjöklum. Hvergi væri þar meiri háttar klifur, en þó nokkuð um sprungur og grjóthrun.

Við Magnús völdum okkur niðurleið austan við Birnudal, niður sólbræddar snjóbrekkur og gilskorning sem hentaði til langrar fótskriðu. Eftir 3 klst. stóðum við fremst í Staðardal. Birnudalstindur fær góð meðmæli.

Ari T. Guðmundsson

Fiescherwand í Berner Oberland

Mjög fáar tilraunir hafa verið gerðar til að klífa hinn ógnverkjandi Fiescherwand, eða Fieschervegg, í Berner Oberland í Mið-Sviss. Þar til síðla sumars 1980 voru aðiens þekktar fjórar leiðir upp vegginn, svokallaðar Welzenbach/Tilmann-leið frá 1930, Steuri/Lüthileið frá 1937, Reiss/Sollbergen-leið frá 1939 og Wilkinson-leið frá 1977.

Það voru svo tveir Hollendingar, sem mættu á staðinn 28. júlí á síðasta ári, þeir Gerhard Friele og Gerard van Sprang. Þeir gerðu sér lítið fyrir og klifu vegginn eftir leið, sem allt fram að þeim tíma hafði verið

talín óklef, en nánar er hægt að sjá hana á meðfylgjandi mynd.

Fiescherwand, eða norðurveggur Fiescherhorn, er einn alerfiðasti Norðurveggurinn í Sviss. Veggurinn er um 1200 metra hár og er um 3ja kílómetra breiður. Meðalhalli veggins er um 60 gráður, en á um 35 metra belti er hallinn um 80 gráður. Alls tók ferðin þá félaga um 20 klukkustundir.


Þeir undirbúa nú fjöggurra manna leiðangur á Rupalvegginn á Nanga Parbat næsta sumar.

Sighvatur Blöndahl



HRAUNDRANGI

Ljósm. Björn Rúriksson



Síðustu árin (1950–1977)

5.0. Inngangur.

Hér er þá kominn síðasti hluti Fjallaannáls. Hann tekur yfir árin eftir 1950 og líkist meir persónusögu en yfirliti yfir fegurstu uppögungur á ákveðin fjöll og jöklum eins og var í þremur fyrrí hlutum annálsins.

Eftir að starfsemi Fjallamanna dróst saman uppúr 1950 leið alllangur tími þar til samtakabundin fjallamennska og klifur hófst að nýju (ÍSALP). Nokkrir Íslendingar, fáeinir erlendir ferðalangar og hjálparsveitirnar brúa bilið. Við munum fjalla mjög lauslega um atburði allra síðustu ára vegna þess að tímarit ÍSALP er þá orðið fullgöd samantekt um fjallamennsku. Verður svo vonandi lengi enn.

5.1. Flugbjörgunarsveitin – Jöklarannsóknarfélagið.

Pessi tvö samtök voru stofnuð í því skyni að efla aðstoðar- og björgunarstörf og hefja skipulegar athuganir á ísl. jöklum. Auðvitað þurftu sumir félaga þessarra samtaka að læra undirstöðuatriði klifurs og fjallaskíðamennsku. Nokkrir höfðu áður starfað með Fjallamönnum og voru enn fremur bæði í FBS og Jöklarannsóknarfélaginu.

Eftirtaldir menn virðast hafa komið einna mest við sögu fjallamennsku með umræddum samtökum:

Árni Kjartansson, Hörður Haflidason, Haukur Haflidason, Árni Edwins, Sigurður Waage, Árni Stefánsson, Ólafur Nielsson, Magnús Þór, Finnur Eyjólfsson og Magnús Eyjólfsson. Peir voru enn fremur kjarninn í



Nicholas B. Clinch.

sérsveit FBS á árunum eftir 1952. Guðmundur Einarsson (Fjallamenn) aðstoðaði þá eitthvað við æfingar, m. a. í nýbyggingu



Flugbjörgunarsveitin í Gígjökli um 1960.

DAS og í Reykjavík, í Jósefsdal og Öskjuhlíð. Sérstakur akkur var þeim félögum í Nicholas Clinch – starfsmanni Bandaríkjahers í Keflavíkurstöðinni. Hann var þaulvanur klifurgarpur og kenndi FBS-sveitinni til verka í Gígjökli og á Pingvöllum. Þá má og geta þess að Árni Edwins og Finnur Eyjólfsson fóru til náms við erlenden fjallaskóla 1954.

Árni Kjartansson var einna virkastur félaga FBS-sveitarinnar. Í samtali gat hann þess að þei hafi verið mikil á ferðinni fram undir 1965, en yngri menn smárn saman tekið þá við.


- Meðal verka hópsins má nefna:
1. Sérstök klifurferð með stórt landmælingamerki (tunnu) á hærri Hnappinn í Öræfajökli.

2. Skíðagönguferð úr Kjós í Skaftafellsfjöllum til Grímsvatna (Á. E., Á. KJ. og M. Eyj.).
3. Ferð á tvo nyrstu Hrútfjallstindana (1953).
4. Uppganga á Puríðartind (1747 m) í Öræfajökli.
5. Skíðaferð úr Tjaldskarði norðan Öræfajökuls niður í Esjufjöll.
6. Ferð af Vatnajökli, yfir Öræfajökul, niður við Rótarfjallshnjúk og upp aftur (með varahluti í snjóbíl). (Á. E., Á. KJ., M. Eyj.).
7. Fyrsta klifurferð upp allan Gigjökulinn í Eyjafjallajökli 1956. ferðin tók 10 stundir (N. Clinch, S. Waage, F. Eyj., Haukur H., Ól. N. og Á. Kj.).

Geta má þess að FBS leitaði að 2 breskum stúdentum á Öræfajökli í ágúst 1953. 6 manna hópur undir stjórn Árna Kjartanssonar dvaldi þá í tjöldum við Hvannadalshnjúk og gengu þeir m. a. í þessari ferð á Hrútfjallstinda. Ekki fannst nein vísbinding um afdrif piltanna á jöklinum sem geymir sín leyndarmál vel.

Síðar, um páskana 1965, dvöldust nokkrir félagar FBS á Öræfajökulssléttunni í fáeina daga. Hrepptu þeir vonskuveður en notuðu eins dags glennu til þess að ganga á Hvannadalshnjúk. Mun þetta vera fyrsta vetrargisting á Öræfajökli sem okkur er kunnugt um.

Pá er ótalið erfiðasta klifur sem þá hafði fram farið á Íslandi frá upphafi fjallamennsku: Fyrsta uppganga á Hraundranga í Öxnardal. Par voru að verki N. Clinch, Finnur Eyjólfsson og Sigurður Waage. 80 m háan dranginn lögðu þeir að fótum sér á 6 klst., en niðurferðin tók 3 klst. Þeir notuðu 15 fleyga.



FBS æsing á Þingvöllum 1961.

5.2. Dyrfjöll og Skarðstindur

Tvö ágæt fjallgönguafrek voru unnin 1952 og 1954. Pann 26. júlí 1952 lögðu þrír ungir menn frá Egilsstöðum í ferð til Dyrfjalla ofan Borgarfjarðar eystra. Þeir klifu syðri hluta fjallanna með nokkrum erfiðismumum, án hjálpartækja. Nöfn mannanna eru: Steinþór Eiríksson, Vilhjálmur Einarsson og Jóhann Ólafsson.

Skarðstindur (1385 m) innan við Skaftafell hefur löngum þótt tilkomumikill og torgenginn tindur. Fyrsta ferð á hann féll í hlut tveggja breskra rannsóknarmanna er dvöldust í Öræfum, Exley og Miller að nafni, 13. ágúst 1954. Þeir gengu úr Mosárdal (um 9-leytið) og nádu tindinum úr norðaustri um 2-leytið sama dag. Þeir notuðu nokkrar tryggingar að sögn, en töldu bergið afar slæmt til klifurs. Ekki er vitað um aðra uppgöngu á Skarðatind þangað til vorð 1981 (sjá Ísalp nr. 20).

5.3. Einar Guðjohnsen

Einar Guðjohnsen (Útvist) dvaldist um hríð í Washingtonfylki á vesturströnd Bandaríkjanna upp úr 1950 – í grend við hina miklu eldfjallakeðju, Cascade Range (Mt. St. Helens o. fl.). Einar gekk þar á og kleif nokkur fjöll, m. a. Mt. Rainier (4394 m) – sjá nánar 10. tbl. Ísalp. Eftir heimkomuna hefur Einar staðið framarlega í ísl. ferðamennsku, en ekki eða lítið lagt stund á klifur hér heima.

5.4. Agnar Koefod Hansen

Agnar Koefod Hansen, flugmálastjóri, gerðist félagi í Fjallamönnum á síðustu striðsárunum og gekk á fjöll með þeim. Hann kleif m. a. Tindinn í Tindfjöllum. Árin 1956–'57 dvaldi hann við nám í Chambery í Frakklandi. Í einni ferða sinna til Chamonix slóst hann í för með þekktum frónskum fjallmanni. A. Bussoné að nafni. Þeir klifusaman Aguillé de Grand Monté (ca. 3800 m) og hóf Agnar þar með áhugaverðan feril við fjallgöngur og klifur erlendis sem þá var lítt stundað af Íslendingum um tíma.

Agnar kynntist Lydwig Steinauer, þýskum fjallagarpi og rithöfundi, og gengu þeir saman á Breithorn, Klein Matterhorn (1957) og gerðu tilraun til að klifa Matterhorn en urðu frá að hverfa vegna ísingar. Þeir reyndu einnig við Monte Rosa í illviðri, án árangurs. Þeim félögum tókst hins vegar að ganga á Mont Blanc, yfir Aguillé de Goutier. Þeir hrepptu hið versta veður á niðurleið lenti í hrakningum, en tókst að komast heilu og höldnu til Chamonix.

Fáeinum árum síðar gekk Agnar, fyrstur Íslendinga, á Uhuru-tind Kilimanjaro í Afrikú. Það var 25. nóvember 1966.

5.5. Hjálparsveitir skáta

Áratugurinn milli 1960 og 1970 var ekki viðburðaríkur í ísl. fjallmennsku. Dregið hefur úr virkni FBS-kjarnans. Að vísu ferðast menn viða um hálendið, m. a. á skíðum um Vatnajökul, en klifur er nær ekkert. Eftir 1970 verður hröd breyting þar á.

Í upphafi síðasta áratugar tók Hjálparsveit skáta í Reykjavík (HSSR) fjörkipp, en starfsemi hennar hafði verið lítil mörg ár þar á undan, m. a. vegna óheppilegra tengsla við Skíðafélag Reykjavíkur. Fjallmennska verður drifkraftur sveitarinnar, enda komu ungir menn sem þyrsti í nýjungrar til sögunnar, sérstaklega frá 1972 að telja. Í þessum hópi voru t. d.: Sighvatur Blöndahl, Hlynur Möller, Einar Hrafnkell Haraldsson, Helgi Benediktsson og Pétur Ásbjörnsson. Sumarið 1974 héldu nokkrir menn úr HSSR til Alpfjallanna, tóku þátt í fjallmennskunámi í Austurríki og gengu á ýmsa þekktar tinda Vestralpanna.

Um svipað leyti kom upp mikill áhugi á fjallmennsku meðal félaga Hjálparsveitarinnar í Vestmannaeyjum (HSSV). Nokkrir úr HSSV gengu á Mont Blanc og Kilimanjaro í fótspor Agnars K. Hansens. Hafa aðrir Íslendingar síðan fylgt á eftir.

En helsta framlag Vestmannaeyinganna til þessarrar sögu er klifur og fyrsta uppganga þeirra Daða Ásbjörnssonar, Kjartans Eggertssonar og Snorra Hafsteinssonar á Pumal (1279 m) í Skaftafellsfjöllum í ágúst 1975. Segja má að þeir hafi unnið kapp-hlaup við HSSR, en félagar úr henni er fyrri voru nefndir hugðust gera atlögu að Pumlinum.

1975 fara einnig fyrstu Íslendingar á Matterhorn síðan Pórður Guðjohnsen stóð þar 1911. Þar voru á ferð 2 flokkar úr HSSR og HSSV.



Fingurbjörg var fyrst klifin 1978. Farið var upp skriðurnar til hægri og síðan upp suðurhlíðina ca. 70 m háa. Ljósm. Helgi Ben., ágúst 1978.

Heima fyrir eykst príl og klifur næstu tvö árin. Í mars 1977 er ÍSALP, Íslenski Alpakuðburinn, stofnaður. Kjarni stofnfélaga er úr HSSR, Hjálparsveit skáta í Kópavogi og Flugbjörgunarsveitinni.

Síðan hefur þróunin orðið ör og æ fleiri klífa nú í snjó, ís og bergi, eins og tímarit þetta ber með sér. Samtímis hefur getan aukist mikil. Nú eru hér fjallamenn sem geta klifrað erfiðustu kletta og klifurtækni í ís nálgast efri gráður. Um þetta bera ferðir á ýmis fjöll og tinda glöggvitni, t. d. á Pumal, NV-vegg Skessuhorns, Kirkjuna (Tindaborg) í Öræfajökli, Vestra-Horn, Hraundranga, Fingurbjörg í Mátabyggum, tinda í Romsdal í Noregi og McKinley-fjall í Alaska (Arnór Guðbjartsson 1979, sjá ÍSALP nr. 12).



Pétur Ásbjörnsson á leið upp á Fingurbjörg. Ljósm. Helgi Ben., ágúst 1978.

Ný og betri æfingasvæði haf ýtt undir þessa þróun s. s. hið frábæra klettaklifursvæði í Stardalshnjúki við Reykjavík sem var ekki uppgötvað fyrr en sumarið 1978 (Einar Steingrímsson og Björn Vilhjálmsdóttir). Í ísklifri hefur enginn staður haft jafn mikla þýðingu og æfingasvæðið í Gígjökli. Þar hefur líklega meirihluti félaga Ísalp stig ið ein fyrstu spor sín á mannbroddum.

5.6. Enn virkur FBS-kjarni

Meðan nýtt líf færðist í HSSR og eftir stofnun ÍSALP er til lítill og harðsnúinn kjarni í Flugbjörgunarsveitinni sem stundar Vatnajökuls- og öræfaferðir á skíðum af miklum móð. Flestir mannanna eru um leið félagar í ÍSALP, eftir að hann kom til sögunnar. Í

þessum hópi eru m. a. Rúnar Nordquist, Guðjón Halldórsson og síðar Pór Ægisson og Guðjón Ó. Magnússon. Til helstu verka þessa hóps skal tvennt tínt til.


Annað er fyrsta skíðaferð eftir endilöngum Vatnajökli, úr Jökulheimum í Lónsöræfi, en hana fóru sex félagar úr FBS sumarið 1973. Hitt er fyrsta og eina vetrarferð á skíðum yfir endilangt landið, frá austri til vesturs. Sú ferð var farin 1976.

Loks eru ótaldir þeir Magnús Hallgrímsson, sem hefur um langt skeið verið fremstur meðal jafningja í vetrar- og skíðaferðum um hálandi og jöklar og Pétur Þorleifsson. Pétur er einn helsti frumkvöðull vélsléðaferða um hálandið og jöklana og auk þess hefur hann ráðið miklu um staðsetningu hinna nýtri jöklaskála.

5.7. Lokaorð.

Með þessum 5. hluta er þá lokið samtíningi okkar um íslenska fjallamennsku frá 1700 til 1977.

Verk forgögnumannanna eiga að vera fjallamönnum dagsins hvatning um leið og



Ísklifur í Esju. Pessi leið er af IV. gráðu. Ljósm. Snævarr Guðmundsson. Jan. '81.

þau sýna áhugaverða þróun, sem ef til vill má eitthvað læra af.


Vafalaust er sitthvað ótalið eða missagt og verst að einhver nöfn harðsnúinna kvenna eða karla hafa gleymst.

Fjallaannáll hefur birst í tölublöðunum nr. 14, 15, 17, 19 og 21 og biðjum við lessendur að spinna nú áfram söguna.

Ábending:

Í tímariti Jöklarannsóknarfélagsins og Jarðfræðafélagsins, JÖKLI 1980, er samantekt eftir Sigurð Þórarinsson um athyglisverð afrek í fjallamennsku.

Magnús Guðmundsson
Ari Trausti Guðmundsson



Á leið upp Pumal. Ljósm. Helgi Ben., apríl 1977.

Hefur þú áhuga á að komast til Grænlands?

Tiltölulega auðvelt er fyrir okkur Íslendinga að komast til Grænlands, enda segir sagan okkur að á landnámsöld hafi Íslendingur verið fyrsti Evrópumaðurinn til að finna landið og settist hann þar að ásamt fleiri löndum sínum. Ferðahugur og ævintýraþrá okkar Íslendinga hefur ekki breyst frá þeim tíma því að nú flakka þeir heimshornanna á milli, en áhuginn hefur ekki beinst að hinu „græna“ landi þar sem náttúrufegurð og möguleikar til útvistar eru nánast ótæmandi og þá sérstaklega fjallamennum.

Ferðanefnd vill nú reka smá áróður um Grænland og hefur hún safnað saman upplýsingum aðallega frá danska alpaklúbbnum um hvernig menn eiga að komast til Grænlands.

1. Flugmiðar til Grænlands má panta í gegnum skrifstofu Flugleiða, eða hjá einhverju hinna smáu flugfélaga svo sem Arnarflugi eða Flugmiðstöðinni. Pantið farið með góðum fyrirvara, 6 mánuði fyrirfram því að sætaframboð er takmarkað.

2. Einu persónuskilríkin sem Íslendingar þurfa á Grænlandi er vegabréf.

3. Fjalla- og klifur leiðangrar þurfa að fá leyfi sem verður að sækja um hjá GRØNLANDSMINISTERIET, HAUSERGADE 3, DK-1128, COPENHAGEN K, DANMARK, sími 01 126825. Ráðuneytið mun fara fram á og ákveða tryggingagjald fyrir leiðangurinn sem fer eftir því hversu þeir telja áhættuna vera mikla. Þeir sem ætla aðeins í gönguferðir eiga einnig að fá leyfi, en þurfa venjulega ekki að greiða trygginga-

gjald. Umsóknir eiga að berast 6–12 mánuðum fyrir brottför.

4. Kort yfir Grænland fást hjá GEO-DAETISK INSTITUT, RIGSDAGSGAARDEN 7 DK-1218, COPENHAGEN K, DANMARK. Mælikvarðinn er yfirleitt aðeins 1:250.000.

5. Flugfarþegar mega aðeins taka með sér 20 kg af farangri ókeypis í flugvélum. Ef farangur er mikill er hægt að senda hann fyrirfram með skipi til Grænlands. Venjulega þurfa vörurnar að koma til Aalborgar í Danmörku ekki seinna en um miðjan júní. Upplýsingar um verð og ferðir til Grænlands fást hjá, K. G. H., GODSKONTORET, GRØNLANDSHAVEN, DK-9000 Aalborg, DANMARK, sími 08 157677. Allar vörur verða að vera vel pakkaðar í sjófærum umbúðum og merkt með nafni viðtakanda og ákvörðunarhöfn, dæmi:

Jón Jónsson
Angmagssalik
via Grønlandshaven
DK-9000 Aalborg Øst
DANMARK.

6. Matvæli má kaupa í öllum stærri kauptúnum á sanngjörnu verði. Hins vegar er úrvalið í litlum og afskekktum þorþum takmarkað. Matvælin í grænlenskum verslunum eru ætluð heimamönnum og ef höpurinn er stór þá er nauðsynlegt að þeir komi með a. m. k. hluta af matnum með sér að heiman.

7. Pegar lent er á Grænlandi kemur upp **vandamálið um áframhaldandi flutning**. Ef þið farið til



Frá Grænlandi. Gunnbjarnarfell, hæsta fjall Grænlands, 3700 m hátt, sést í fjarska.

- a) **Vestur-Grænlands:** Þá lendið þið á Syðri-Straumsfirði eða í Narssarssvag og farið áfram meðfram ströndinni með flugvél, þyrlu, eða bát. Upplýsingar um tímaáætlanir og verð fást hjá K. G. H., TRAFIKKONTORET, GRØNLANDSHAVNEN, DK-9000 AALBORG, DANMARK, sími 08 157677.
- b) **Suður-Grænlands:** Þá er Narssarssuag komustaðurinn og haldið er áfram til Nanortalik með þyrlu eða strandbát. Frá Nanortalik má halda áfram með strandbátnum eða leigja trillubát til ákvörðunarstaðarins.
- c) **Austur-Grænlands:** Þá lendið þið í Kulussuk og haldið þaðan áfram til Angmagsalik með þyrlu. Í Angmagsalik er hægt að fá strandbát eða leigja trillubát.
- d) **Norðaustur-Grænlands:** Athyglisverðasta svæðið, en nokkuð erfitt er að komast þangað. Reglubundið flug er aðeins einu sinni í mánuði til Meistaravíkur og erfitt er að fá bát til að flytja ykkur þaðan, en fjöllin eru stutt frá flugvellinum. Einnig má benda á bókina Staunings Alps sem er í bókasafni klúbbsins og fjallar um þetta svæði.

Ódýrast er að ferðast með strandbátnum. Ferðir þeirra eru hins vegar stríðar, oft með nokkura daga millibili. Burðarþol þeirra er einnig oft takmarkað. Að auki er áætlun þeirra bundin og þeir fara ekki endilega þangað sem þið viljið. Ekki er hægt að fá leigðan trillubát fyrirfram, aðeins á staðnum. Verð er breytilegt á milli staða, en fyrir 5–7 manna hóp eru Dkr. 5000 (1980 verðlag) í 6–8 klst. algengt. Þið verðið að gera samning við bátaeidann fyrir brottförlina, og einnig ef nauðsyn krefur, semja um að láta sækja ykkur aftur. Þegar komið er aftur að brottfarar flugvelli ykkar er ráðlegt að staðfesta flug ykkar til baka.

8. Á sumum stöðum, eins og Kulusuk, má **leigja þyrlu** til flutnings. Pyrluflug er í umsjá GREENLANDAIR Inc., NYROPSGADE 26, DK-1602, COPENHAGEN V. DANMARK, sími 01 112241 sem veitir frekari upplýsingar.

9. Grænland er land mikilla breytinga og hefur því þótt nauðsynlegt að skammta þar **bjór og brennivín**. Ef heimamenn biðja ykkur um að útvega sér áfengi skulið þið hafa í huga að skömm tuninni var komið á eftir þjóðaratkvæðareiðslu.

10. Það er möguleiki að komast til Grænlands **með báti** en það er dýrara en með flugi og tekur auk þess miklu lengri tíma.

11. Þegar komið er til Grænlands er ykkur **ráðlagt að láta lögregluna vita** um ferðir ykkar og hvener þið eruð væntanlegir til baka. Þegar ferðinni er lokið skulið þið láta vita af því. Þetta er ekki nauðsynlegt en er óneitanlega ykkar hagur ef björgunar- og leitaraðgerðir reynast nauðsynlegar. Vert er að hafa í huga að björgunarsveitir á Grænlandi eru bæði mannfáar og ekki þjálfaðar með fjallabjörgun í huga.

12. Ef ferð ykkar byrjar í **Syðri Straumsfirði** þá þurfið þið sérstakt leyfi vegna nálagrar hersstöðvar. Leyfi þetta fast hjá GRØNLANDSMINISTERIET 6–12 mánuðum fyrir brottför.

13. Eftir **Grænlandsleiðangur** er hefð að skrifa *skýrslu* og senda eintak til DANISH MOUNTAIN CLUB, EXPEDITION COMMITTEE, c/o DOLFI ROTOVNIK, SNEMANDSVEJ 1a, DK-2730, HERLEV, DANMARK.

Ef menn hafa í huga að skreppa til Grænlands þá eru forsvarsmenn klúbbsins reiðubúnir að aðstoða þá við ferðina og undirbúning, enda eru þessar upplýsingar langt frá því að vera fullkomnar.

Ferðaneftnd

Styrktaraðilar

Radióbúðin

Skipholti 19, s. 29800

Formprent

Hverfisgötu 78, s. 25960

Félagar

Kaupið eintök af eldri tölublöðum tímarits ÍSALP.


Pau eru til sölu í félagsheimilinu á Grensásveginum og kosta kr. 15.00 stykkið.

Ritnefnd


Botnssúlnas

Káli — teikning


Vesturhofi 1:50



Norðurhlið 1:50




Sudurhlið 1:50




6 tvibreiðar kojur og
3-4 manna svefnstöfl yfir
andyri. Samtals 15-16
svefnpláss


Snið A-A 1:50



Snið B-B 1:50



Grunnmynd 1:25



Ferðir og fundir ÍSALP

Opin hús og fundir eru jafnan í húsnæði ÍSALP að Grensásvegi 5 á miðvikudögum og hefjast kl. 20.30.

Miðvikudagur 7. október:

Opið hús – Pétur Ásbjörnsson sýnir myndir frá námskeiðum og af klifri. Skráning á ísklifurnámskeið.

Mánudagur 12. október:

Undirbúningsfundur fyrir ísklifursnámskeiðið.

Miðvikudagur 14. október:

Myndasýning að Hótel Loftleiðum í Auditorium-salnum kl. 20.30. Nánar auglýst í félagsmáladálki Mbl.

Föstudagur 16. október:

Undirbúningsfundur fyrir ísklifurnámskeið.

Laugardagur 17. – sunnudagur 18. október:
Ísklifurnámskeið í Gígjökli í umsjón Torfa Hjaltasonar. Hámarksfjöldi á námskeiðinu er 16. Páttökugjald er kr. 200.

Miðvikudagur 21. október:

Opið hús – bokasafnskvöld.

Miðvikudagur 28. október:

Opið hús – Guðjón Ó. Magnússon segir frá vetrarfjallafatnaði í máli og myndum.

Miðvikudagur 16. desember:
Opið hús – bókasafnskvöld.

Miðvikudagur 23. desember:
Lokað.

Miðvikudagur 30. desember:
Lokað.

Miðvikudagur 13. janúar 1982:
Myndakvöld að Hótel Loftleiðum í Auditorium-salnum kl. 20.30.

Miðvikudagur 10. febrúar:
Aðalfundur – venjuleg aðalfundarstörf.

Til sölu

**MOUNTAIN FITZROY fíbersvefnþoki,
litið notaður og í góðu ásigkomulagi.**

**Upplýsingar í síma 34776
Hjalti**



VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails

Bergans
OF NORWAY

MoAc



ajungilak



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit Skáta Reykjavík

SÉVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.